

REGLUGERÐ

um gjöld og þóknanir sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að innleiða reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 319/2014, frá 27. mars 2014, um þóknanir og gjöld lögð á af Flugöryggisstofnuninni Evrópu, sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 319/2014, frá 27. mars 2014, um þóknanir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á, og sem fellir brott reglugerð (EB) nr. 539/2007, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 290/2014 frá 12. desember 2014, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 8 frá 5. febrúar 2015, bls. 705.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 146. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Frá og með sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 118/2009 um sama efni, ásamt síðari breytingum.

Innanríkisráðuneytinu, 10. apríl 2015.

F. h. r.

Sigurbergur Björnsson.

Gunnar Örn Indriðason.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.